

Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 155/1997.

Steinar Kristjánsson

(Ingibjörg Þ. Rafnar hrl.)

gegn

Vilborgu Kristjánsdóttur

(Jón Ólafsson hrl.) og

Vilborg Kristjánsdóttir

gegn

Steinari Kristjánssyni og

Geirsprenti sf.

Hjón. Búskipti. Skilnaðarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1997. Hann krefst þess aðallega, að 4. – 10. gr. samnings síns og gagnáfrýjanda um skilnað og skilnaðarkjör, sem staðfestur var hjá sýslumanninum í Reykjavík 31. júlí 1995, verði dæmdar óskuldbindandi og hann sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður á báðum dómstigum látinn falla niður.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 6. júní 1997. Gagnáfrýjandi krefst sýknu í aðalsök og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök er þess í fyrsta lagi krafist, að gagnstefndi Steinar Kristjánsson verði dæmdur til að greiða 286.520 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1996 til greiðsludags. Í öðru lagi eru gerðar þær kröfur á hendur gagnstefnda Steinari persónulega og honum og Kristjáni K. Pálssyni, einkaeigendum gagnstefnda Geirsprents sf. fyrir hönd félagsins, að gagnstefndi Steinar verði dæmdur til að gefa út skuldabréf, að fjárhæð 3.120.591 króna, til sex ára með mánaðarlegum greiðslum, sem beri meðalvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 1. apríl 1996 með fyrsta gjalddaga 1. maí 1996, og að gagnstefnda Geirs-

prenti sf. verði dæmt að rita á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Þá er í þriðja lagi krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Varakröfur í gagnsök eru þær, að gagnstefndi Steinar verði dæmdur til að greiða 3.407.111 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. apríl 1996 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu gagnstefnda Steinars Kristjánssonar er krafist sýknu í gagnsök. Af hálfu gagnstefnda Geirsprents sf. er þess aðallega krafist, að kröfu gagnáfrýjanda á hendur félaginu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara er krafist sýknu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að kröfu gagnstefnda Geirsprents sf. verði hafnað.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Héraðsdómur var kveðinn upp 6. janúar 1997, og var málinu áfrýjað af hálfu aðaláfrýjanda Steinars Kristjánssonar innan lögboðins áfrýjunarfrests samkvæmt 1. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1994. Gagnáfrýjandi hafði frest til að skila greinargerð til 28. júní 1997. Málinu var því réttilega gagnáfrýjað 6. júní 1997 á hendur aðaláfrýjanda og gagnstefnda Steinari Kristjánssyni, sbr. 3. mgr. 153. gr. einkamálalaga. Á hinn bóginn var málinu ekki áfrýjað af hálfu gagnstefnda Geirsprents sf. Áfrýjunarfrestur gagnvart félaginu var því liðinn, er gagnáfrýjunarstefna var gefin út, en áfrýjunarleyfis var ekki leitað samkvæmt 2. mgr. 153. gr. nefndra laga. Ber því að vísa kröfum gagnáfrýjanda á hendur gagnstefnda Geirsprenti sf. frá Hæstarétti.

II.

Málavöxtum og forsendum kröfugerðar aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, slitu aðilar samvistir 15. maí 1995, en leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út 3. ágúst 1995. Gagnstefna í héraði var birt gagnáfrýjanda hér fyrir dómi 23. júlí 1996. Var gagnsakarmálið því réttilega höfðað innan málshöfðunarrests 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, en það var jafnframt byggt á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Samningur málsaðila um skilnað og skilnaðarkjör var staðfestur hjá sýslumanninum í Reykjavík 31. júlí 1995. Hann er ekki svo skýr sem skyldi um stöðu eigna og skulda við hjúskaparslit þeirra. Þannig er hvorki áætlað verðmæti innbús, bifreiða og eignarhluta í Geirsprenti sf. né skulda í því félagi og Hrynjanda hf. Eins og málið liggur fyrir, er óvissa um raunverulega hagsmuni aðaláfrýjanda af því að fá í sinn hlut óskiptan eignarhlut í þessum félögum. Fyrirnefnda félagið stofnaði aðaláfrýjandi ásamt föður sínum 1987 og virðist að minnsta kosti hafa átt atvinnu sína og afkomuhorfur undir rekstri þess. Einungis liggur fyrir ársreikningur félagsins 1994. Þótt eigið fé sé í lok þess árs neikvætt um rúmar 5 milljónir króna, þykir hann einn sér ekki gefa tæmandi upplýsingar um raunverulega stöðu félagsins. Fram er komið, að rekstur þess var sameinaður öðru félagi í prentiðnaði árið 1996 undir heitinu Offsetprent/Geirsprent ehf., og enn var nýtt félag stofnað 1997, Offsetprent ehf., með sama lögheimili og hið fyrra, en aðaláfrýjandi er annar endurskoðenda þess og ekki í stjórn. Engar upplýsingar eru í málinu um eignaraðild að því félagi. Loks liggur fyrir samkvæmt vottorði úr firmaskrá, að gagnstefndi Geirsprent sf. er enn skráður sem sjálfstæður skattaðili.

Aðaláfrýjandi byggir ógildingarkröfu sína á því, að hann hafi verið undir miklum þrýstingi frá gagnáfrýjanda um að ganga frá skilnaðarsamningi og ekki átt þess nokkurn kost að hafa áhrif á efni hans. Hann hafi verið í andlegu ójafnvægi vegna langvarandi veikinda gagnáfrýjanda og ekki notið aðstoðar lögmanns. Þá hafi hann ekki gert sér grein fyrir fjárhagslegri þýðingu skilnaðarsamningsins, enda ekki verið kunnar reglur hjúskaparlaga um fjárskipti.

Fyrir því hafa ekki verið færð haldbær rök, að gagnáfrýjandi hafi beitt aðaláfrýjanda óeðlilegum þrýstingi við gerð skilnaðarsamningsins eða hann ekki getað haft áhrif á einstök atriði hans. Verður ekki séð, að aðaláfrýjandi, sem reynslu hafði af viðskiptum, bæði við rekstur prentsmiðju og verslunar, hafi staðið höllum fæti við samningsgerðina gagnvart gagnáfrýjanda, sem átt hafði við heilsuþrest að stríða. Áður en kom að staðfestingu skilnaðarsamningsins hjá sýslumanni tveimur og hálfum mánuði eftir samvistarslit aðila, átti aðaláfrýjandi nokkur samskipti við þann lögmann, er gagnáfrýjandi hafði snúið sér til og samdi samninginn. Honum var í lófa lagið að leita sér ráðgjafar annars staðar, ef hann taldi þess þörf, og getur

hann ekki borið fyrir sig misskilning um efni samningsins eða van-kunnáttu. Hann mátti best vita um stöðu eigna og skulda í þessu búi. Samningurinn virðist fela í sér allnokkurt frávik frá helminga-skiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga, hvernig sem á hann er litið, en hlutlægur mælikvarði um það ræður ekki úrslitum, sbr. 104. gr. laga-anna. Frelsi hjóna til samninga um skipti eigna og skulda við hjú- skaparslit er hins vegar háð því, að samningur verði ekki talinn hafa verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, er til hans var stofnað, sbr. 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga, og að ógildingarreglur samninga- laga komi ekki til álita. Áður er vikið að óvissuþáttum í skilnaðar- samningnum, en samkvæmt honum skyldi sonur málsaðila, sem fæddur er 1991, vera hjá móður sinni, þótt forsjá hans yrði sameigin- leg. Þá verður að ætla, að aðaláfrýjandi hafi talið mikilvægt að halda óskertum hlut í atvinnufyrirtækjum sínum. Eins og þetta mál liggur fyrir, þykja ekki vera lagaskilyrði til ógildingar samningsins.

III.

Í 8. gr. skilnaðarsamningsins segir, að aðaláfrýjandi taki að sér greiðslu lausaskulda búsins, hverju nafni sem nefnist, en gagnáfrýj- andi skuli þó greiða 50.000 króna skuld við Landsbanka Íslands vegna yfirdráttar á tékkareikningi sínum. Síðar kom í ljós, að yfir- dráttarskuldin nam 29.173 króna hærri fjárhæð. Við það verður að miða, að gagnáfrýjandi hafi ein notað þennan reikning. Orðalag samningsins bendir ekki til þess, að aðaláfrýjandi hafi tekið að sér að greiða hverja þá yfirdráttarskuld, sem kynni að vera um að ræða. Verður hann því sýknaður af þessari kröfu gagnáfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest úrlausn hans um skyldu aðaláfrýjanda til að greiða helming afborgunar- greiðslna af fasteigninni Reykjafold 7 í Reykjavík, 93.845 krónur, skuldir á 5. og 7. veðrétti fasteignarinnar, 2.359.513 krónur, 40% skuldar við húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, 396.193 krón- ur, og 58.223 krónur vegna vanskila á húsbréfum. Þá verður aðal- áfrýjandi og dæmdur til að greiða hlutdeild í hitareikningi vegna sameiginlegra nota fyrir samvistarlit, 12.113 krónur, en í héraðs- dómi hefur misritast, að þessi fjárhæð væri vegna sameiginlegrar símanotkunar. Loks þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði helming kostnaðar vegna sölu Reykjafoldar 7, 75.694 krónur, en samkvæmt

5. gr. skilnaðarsamningsins skyldi gagnáfrýjandi fá nettóeign fasteignarinnar. Er eðlilegt að líta svo á, að sala hennar hafi verið fyrirhuguð og hér sé átt við eignina að frádregnum skuldum og kostnaði við sölu, er báðir aðilar standi straum af.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um greiðslur aðaláfrýjanda af láni á 8. veðrétti Reykjavoldar 7 á síðari helmingi ársins 1995, samtals 250.254 krónur, og hafa þau ekki sætt andmælum af hálfu gagnáfrýjanda. Í 2. mgr. 4. gr. skilnaðarsamningsins segir, að aðaláfrýjandi taki að sér afborganir á áhvílandi veðskuldum, en gagnáfrýjandi endurgreiði honum við uppgjör vegna sölu fasteignarinnar helming þess, er hann hafi greitt af veðskuldum, öðrum en þeim, sem tilheyri Geirsprenti sf. Skuli útreikningur á skuld gagnáfrýjanda miðast við, að afborganir hafi verið greiddar á gjalddaga, þannig að dráttarvextir og innheimtukostnaður teljist ekki til skuldarinnar. Því er rétt, að sú fjárhæð, sem aðaláfrýjandi er dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda, lækki um helming framangreindrar fjárhæðar auk vanskilagjalda og dráttarvaxta, sem nema samtals 4.894 krónum, eða um 130.021 krónu.

Samkvæmt framansögðu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 2.865.560 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. apríl 1996 til greiðsludags, en með vísun til forsendna héraðsdóms eru ekki efni til að dæma hann til að gefa út skuldabréf.

Rétt þykir að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Kröfum gagnáfrýjanda, Vilborgar Kristjánsdóttur, á hendur gagnstefnda Geirsprenti sf. er vísað frá Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi er sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Steinars Kristjánssonar.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 2.865.560 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1996 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. desember síðastliðinn, er höfðað með stefnu, þingfestri 25. júní 1996, og gagnstefnu, þingfestri 3. september sama ár.

Aðalstefnandi er Vilborg Kristjánsdóttir, kt. 221055-5519, Safamýri 56, Reykjavík.

Aðalstefndu eru Steinar Kristjánsson, kt. 180960-4819, persónulega, og Steinar Kristjánsson og Kristján K. Pálsson, kt. 150733-2789, báðir til heimilis að Krummahólum 4, Reykjavík, fyrir hönd Geirsprents sf., kt. 550176-0259, Ármúla 22, Reykjavík.

Í aðalsök eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær aðallega, að stefndi Steinar Kristjánsson verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 286.520 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. apríl 1996 til greiðsludags. Þá gerir stefnandi þá kröfu á hendur stefndu, Steinari Kristjánssyni og Kristjáni K. Pálssyni, einkaeigendum Geirsprents sf., að þeir verði fyrir hönd Geirsprents sf. dæmdir til að gefa út skuldabréf, að fjárhæð 3.120.591 kr., til sex ára með mánaðarlegum greiðslum, sem beri meðalvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 1. apríl 1996 með fyrsta gjalddaga 1. maí 1996 með sjálf-skuldarábyrgð stefnda Geirsprents sf.

Til vara er þess krafist, að stefndi Steinar Kristjánsson verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.407.111 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. apríl 1996 til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1996.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu eru eftirfarandi dómkröfur gerðar:

A. Af hálfu stefndu, Steinars Kristjánssonar og Kristjáns K. Pálssonar f. h. Geirsprents sf., er þess krafist, að Geirsprent sf. verði sýknað af öllum kröfum í málinu og að tildæmdur verði málskostnaður að skaðlausu.

B. Af hálfu stefnda Steinars Kristjánssonar er þess aðallega krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, bæði í aðalkröfu og varakröfu, og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi Steinar Kristjánsson, kt. 180960-4819, þess, að ákvæði 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 8. gr., 9. gr. og 10. gr. samnings gagn-

stefnanda og gagnstefndu, Vilborgar Kristjánsdóttur, kt. 221055-5519, um skilnað og skilnaðarkjör, sem staðfestur var hjá sýslumanninum í Reykjavík 31. júlí 1995, verði dæmd óskuldbindandi. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnstefndu.

Gagnstefnda, Vilborg Kristjánsdóttir, krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og að sér verði þar tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati réttarins.

I.

Aðalstefnandi og aðalstefndi Steinar Kristjánsson hófu sambúð árið 1985 og bjuggu saman um tíu ára skeið, og þar af voru þau í hjúskap í fimm ár. Þau eignuðust son árið 1991. Í júlímánuði árið 1995 ákváðu aðilar að leita skilnaðar að borði og sæng, en samvistarlit höfðu orðið 15. maí sama ár. Samkvæmt ódagsettum samningi um skilnað og skilnaðarkjör, sem staðfestur var hjá sýslumanninum í Reykjavík 31. júlí 1995, var ákveðið, að forsjá sonar þeirra skyldi vera sameiginleg, en að hann skyldi eiga lögheimili hjá aðalstefnanda. Skyldi aðalstefndi Steinar greiða einfalt meðalmeðlag með drengnum frá 1. júlí 1995 allt til átján ára aldurs hans.

Samkvæmt samningnum voru eignir félagsbúsins við skilnað sem hér segir:

1. Einbýlishúsið að Reykjafold 7, Reykjavík.
2. Bifreiðin KT-007, Chevrolet Blazer, árgerð 1985.
3. Bifreiðin E-929, Daihatsu Charade, árgerð 1986.
4. Helmingseignarhluti í Geirsprenti sf.
5. Hlutabréf í Hrynjanda hf.

Í 4. gr. samningsins kemur fram, að samkomulag hafi orðið um, að fasteignin Reykjafold 7, Reykjavík, yrði sett í sölu. Skyldi aðalstefnandi búa í eigninni og greiða rafmagn og hita og annan eðlilegan rekstrarkostnað, meðan hún byggir þar. Aðalstefndi Steinar skyldi taka að sér afborganir af áhvílandi veðskuldum, en aðalstefnandi endurgreiða honum við uppgjör vegna sölu eignarinnar helming þess, er hann hefði greitt af þeim, öðrum en þeim skuldum, er tilheyrðu Geirsprenti sf.

Í 5. gr. er að finna upptalningu á því, sem kom í hlut aðalstefnanda við skiptin. Samkvæmt þeirri grein skyldi hún fá í sinn hlut nettóeign ofangreindrar fasteignar. Við mat á nettóeign aðalstefnanda er tekið fram, að skuld við Íslandsbanka hf. á 5. veðrétti [að nafnverði 1.500.000 kr.], tvö handhafabréf á 7. veðrétti [að nafnverði 1.500.000 kr.] sem og 1.000.000 kr. af skuld við húsbrefadeild Húsnæðisstofnunar á 4. veðrétti [að nafnverði 2.500.000 kr.] séu skuldir Geirsprents sf. Þá skyldi aðalstefnandi fá í sinn hlut bifreiðarnar E-929, Daihatsu Charade, árgerð 1986, og KT-007,

Chevrolet Blazer, árgerð 1985. Enn fremur skyldi aðalstefnandi fá við skiptin verðtryggt skuldabréf, út gefið af aðalstefnda Steinari til hennar, að sömu fjárhæð og uppgreiðslufjárhæð skulda stefnda Geirsprents sf. samkvæmt útreikningi hlutlauss aðila. Frá þeirri fjárhæð skyldi dregin skuld aðalstefnanda við aðalstefnda Steinar vegna afborgana af öðrum veðskuldum, sbr. það, er áður greinir. Skuldabréfið skyldi gefið út til sex ára og greitt af því mánaðarlega. Skyldi það bera meðalvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá útgáfudegi. Skuldin skyldi tryggð með sjálfskuldarábyrgð aðalstefndu Steinars og Geirsprents sf., en jafnframt með veði í tilgreindum tækjum Geirsprents sf.

Í hlut aðalstefnda Steinars samkvæmt 6. gr. samningsins kom eignarhluti búsins í Geirsprenti sf. ásamt skuldum félagsins, sem þau hjónin voru í ábyrgð fyrir. Þá skyldi hann fá hlutabréf búsins í Hrynjanda hf., en á móti tæki hann að sér greiðslu skulda félagsins, sem aðalstefnandi kynni að vera í ábyrgð fyrir, m. a. tryggingarvixil vegna húsaleigu að Faxafeni 5.

Í samningnum er tekið fram í 7. gr., að samkomulag sé um skiptingu innbús og að henni sé lokið.

Í 8. gr. segir, að aðalstefndi Steinar taki að sér lausaskuldir búsins, hverju nafni sem nefnist. Meðal annars taki það til víxils, að fjárhæð 150.000 kr., gefnum út af aðalstefnanda til Landsbanka Íslands, aðalbanka. Aðalstefnandi skuli þó greiða 50.000 kr. skuld við Landsbanka Íslands, Höfðabakka, vegna yfirdráttar á tilgreindum tékkareikningi sínum. Þá kemur fram, að aðalstefnandi sé í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld móður aðalstefnda Steinars, og komi til þess, að aðalstefnandi þurfi að leysa til sín skuldina, muni aðalstefndi Steinar ábyrgjast endurgreiðslu þess, sem aðalstefnandi þyrfti að greiða vegna þeirrar ábyrgðar sem og allra annarra ábyrgða, m. a. vegna Geirsprents sf. og Hrynjanda hf.

Samkvæmt 9. gr. skyldi hvort hjóna um sig greiða skattskuldir sínar vegna „tekjuársins“ 1994 og 1995 sem og hirða skattalegar endurgreiðslur, ef einhverjar kynnu að vera, fyrir sama tímabil, og í 10. gr. segir, að lífeyrisgreiðslur frá aðalstefnda Steinari til aðalstefnanda teljist upp gerðar með því, að aðalstefnandi fái í sinn hlut umræddan Chevrolet Blazer-jeppa.

II.

Málsástæður og lagarök í aðalsök.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar á hendur aðalstefnda Steinari Kristjánssyni á því, að fram komi í 4. gr. samningsins, að aðalstefndi skuli taka að sér afborganir á áhvílandi veðskuldum á fasteigninni Reykjafold 7 í Reykjavík. Þessar afborganir hafi aðalstefnandi greitt, og krefji hún aðalstefnda um hans hlut í þeim, sem nemi 93.845 kr.

Í 8. gr. samningsins segi, að aðalstefnandi taki að sér að greiða 50.000 kr. af skuld við Landsbanka Íslands, Höfðabakka, vegna yfirdráttar á tilteknum tékkareikningi sínum. Skuld á þessum reikningi hafi verið 84.861 kr., og beri því aðalstefnda að greiða 34.861 kr. Við aðalmeðferð málsins féllt aðalstefnandi á það, að skuldin hefði verið 79.173,41 kr., og lækkaði kröfu sína samkvæmt því niður í 29.173 kr.

Í 5. gr. sé einnig ákveðið, að aðalstefnandi fái í sinn hlut nettóandvirði Reykjafoldar 7, þannig að aðalstefnda Steinari beri að greiða sölulaun vegna sölu eignarinnar, sem nemi 151.389 kr.

Aðalstefnandi hafi greitt rafmagnsreikning, að fjárhæð 33.897 kr., sem hafi verið fyrir notkun í 21 mánuð, en krefji aðalstefnda Steinar um helming af sameiginlegri notkun, er hafi varað í 15 mánuði, 12.113 kr.

5. gr. samningsins kveði á um, að við mat á nettóeign Reykjafoldar 7 skuli tekið fram, að skuld við Íslandsbanka hf. á 5. veðrétti, tvö handhafabréf á 7. veðrétti, sem og 1.000.000 kr. af skuld við húsbrefadeild Húsnæðisstofnunar séu skuldir Geirsprents sf., en samkvæmt 4. tl. nefndrar greinar taki aðalstefndi Steinar að sér að greiða þessar skuldir, sem nemi 3.417.736 kr. Skuli skuld þessi greidd á sex árum, sbr. lýsingu í stefnukröfu í aðalsök og 5. gr. samningsins. Aðalstefndi Steinar hafi nú hafnað greiðslu þessarar skuldar, og sé aðalstefnanda því nauðsyn að fá dóm um þessa kröfu sína á hendur honum. Við aðalmeðferð málsins lækkaði aðalstefnandi kröfu þessa í 3.120.591 kr.

Um kröfur aðalstefnanda á hendur aðalstefnda Geirsprenti sf. vísist til 4. tl. 5. gr. skilnaðarsamningsins, en þar sé lofað, að stefndi Geirsprent sf. taki að sér sjálfskuldarábyrgð á skuldum þeim, er taldar séu upp í 1. tl. 5. gr., sem nemi 3.120.591 kr., auk vaxta, og eins, að veitt verði veð í þeim vélum, er þar greini, til tryggingar skuldinni. Hafi aðalstefndi Steinar haft umboð til að rita firmað Geirsprent sf., og því sé yfirlýsingin í 4. tl. 5. gr. samningsins fullgild.

Sýknukrafa stefnda Geirsprents sf. er reist á sjónarmiðum um aðildarskort, en firmanu sé stefnt til útgáfu skuldabréfs á grundvelli skilnaðarsamningsins, sem firmað hafi ekki staðfest. Samkvæmt félagssamningi þurfi samþykki beggja félagsmanna til að skuldbinda félagið sem ábyrgðaraðila, og að auki þurfi samþykki beggja aðila til að veðsetja eignir félagsins. Með vísan til þessa og þess, að firmað sé ekki aðili að skilnaðarsamkomulagi því, sem fjárkrafan í málinu er byggð á, beri að sýkna firmað af öllum kröfum í málinu á grundvelli aðildarskorts, en þar að auki sé firmanu ekki unnt að efna það loforð, sem í skilnaðarsamkomulaginu felist, þar sem það hafi nú hætt rekstri og ráðstafað þeim eignum, er um ræði.

Aðalstefndi Steinar Kristjánsson reisir sýknukröfu sína í aðalsök á því, að krafa sín í gagnsök um, að framangreint hjónaskilnaðarsamkomulag verði lýst óskuldbindandi, nái fram að ganga. Vísist um málsástæður og rökstuðning til stefnu í gagnsök, en krafan þar sé um ógildingu 4. – 10. gr. samnings aðila um skilnað og skilnaðarkjör. Sé krafan byggð á 95. gr. laga nr. 31/1993 svo og grunnrökum 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varakröfu sína um lækkun krafna, verði ekki fallist á aðalkröfu, styður aðalstefndi eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi kveði 4. gr. samningsins á um greiðslu á lánnum á eigninni eftir samkomulagi. Hluti af þeim greiðslum, sem aðalstefnandi endurkrefji um, hafi verið inntur af hendi fyrir gerð samkomulagsins, 47.035,70 kr., og þurfi því að leiðrétta þennan kröfulið.

Í öðru lagi sé staðan á tékkareikningi, sbr. 8. gr. samningsins, miðuð við 5. júlí 1995, en ekki sé upplýst, hver hún hafi verið við gerð samkomulagsins. Eigi þessi liður því að óbreyttu að falla út í heild sinni.

Í þriðja lagi sé á grundvelli 5. gr. krafist endurgreiðslu sölulauna, sem aðalstefnandi hafi greitt vegna sölu umræddrar fasteignar. Sé krafa þessi í eðli sínu fráleit og ósanngjörn. Verði nettóeign aldrei skýrð þannig, að það leiði til þess, að aðalstefndi verði skuldbundinn til greiðslu sölulauna af eign, sem hann hafi áður gefið stefnanda hlut sinn í, og eigi þessi kröfuliður því að falla út í heild sinni.

Í fjórða lagi sé krafist endurgreiðslu á lánnum, sem stefnandi hafi greitt upp eða gerðust upp við sölu Reykjafoldar 7. Vaxta sé krafist frá 1. apríl 1996, sem að hluta til sé, áður en greiðslur voru inntar af hendi, og þurfi því að leiðrétta. Að hluta til sé krafan um endurgreiðslu þessara fjárhæða studd þeirri staðreynd, að aðalstefnda hafi verið afhent vegna Geirsprents sf. 1.000.000 kr. af húsbréfaláni, að fjárhæð 2.500.000 kr., við lántöku þess, 40% alls lánsins. Hins vegar gleymist að taka tillit til þess, að a. m. k. 60% þeirrar fjárhæðar komi til lækkunar á þessum kröfulið. Meginkrafan sé þó sú, að þessi kröfuliður, 1.000.000 kr., falli út, enda hafi greiðslur verið inntar af hendi á löngum tíma og aðalstefnandi notið vaxtabóta vegna heildargreiðslna.

III.

Málsástæður og lagarök í gagnsök.

Gagnstefnandi Steinar Kristjánsson reisir kröfu sína um ógildingu þess hluta skilnaðarsamnings aðila, sem varðar fjárskipti aðila við skilnað, 4.–10. gr. hans, á 95. gr. laga nr. 31/1993 um hjúskap, sem kveði á um, að unnt sé að fella samning úr gildi að nokkru leyti eða öllu, ef hann var bersýnilega

ósanngjarn, er til hans var stofnað. Þá sé og vísað til grunnraka og lagasjónarmíða 36. gr. laga nr. 7/1936 í þessu sambandi. Gagnstefnandi vísi til þess, að samkomulagið hafi komist á við staðfestingu þess hjá sýslumanni „31. september 1995“ [31. júlí 1995], og sé hann því innan marka ársfrests við útgáfu gagnstefnu.

Krafa gagnstefnanda byggist á þeirri staðreynd, að ákvæði skilnaðarsamnings aðila um fjárskipti séu bersýnilega ósanngjörn. Í hlut gagnstefndu hafi í raun komið allt innbú, sem aðilar hafi átt og höfðu komið sér upp á sambúðartíma, að verðmæti u. þ. b. 2.500.000–3.000.000 kr. Þá hafi fasteign búsins að Reykjafold 7, sem seld hafi verið fyrir 13.050.000 kr. 30. mars 1996, komið í hlut gagnstefndu. Nettóeign í umræddri fasteign, eftir að búið sé að draga frá kaupverði sölulaun, 151.389 kr., lán, sem kaupendur hafi tekið á sig, 2.584.651 kr., lán, sem gagnstefnda hafi flutt af eigninni, þ. e. önnur lán en gagnstefnandi sé krafinn um, eða lán við Eftirlaunasjóð Landsbanka Íslands á 1., 2., 3. og 6. veðrétti, 1.367.986 kr., sé að fjárhæð 8.945.974 kr. Þessu til viðbótar hafi komið í hlut gagnstefndu tvær bifreiðar, að verðmæti u. þ. b. 1.500.000 kr. Samtals sé hér um að ræða verðmæti að fjárhæð u. þ. b. 13.000.000 kr., en í hlut gagnstefnanda hafi komið hlutabréf, að nafnverði 200.000 kr., sem hann hafi selt á því verði, og 50% eignarhluti í sameignarfélaginu Geirsprenti, en samkvæmt ársreikningi firmans hafi eigið fé þess verið neikvætt um 5.315.979 kr. í árslok 1994. Sé tekið tillit til alls ofanritaðs, liggir fyrir, að á hlutlægan mælikvarða verði ekki um það deilt, að skilnaðarsamningur aðila hafi verið bersýnilega ósanngjarn.

Þá bendi gagnstefnandi á, að samningurinn sé ófullkominn, þar sem í honum liggir hvorki fyrir mat á verðmæti eigna né uppreiknuð staða skulda eða útreikningur á mögulegri endurkröfu gagnstefndu á hendur gagnstefnanda, sem samkvæmt kröfu hennar í aðalsök og hennar skilningi sé vel á fjórðu milljón. Þá liggir og fyrir, að búshlutar aðila hafi ekki verið reiknaðir út, en gagnstefnanda hafi ekki verið kunnar búshlutareglur hjúskaparlaga og hvaða áhrif hin neikvæða eign í sameignarfélaginu gæti haft á mögulega búshluta og kröfur aðila. Þá sé ljóst, að samningur sé gerður samkvæmt beiðni og forskrift gagnstefndu, án þess að gagnstefnandi hafi komið þar nærri. Enn fremur liggir fyrir, að gagnstefnandi hafi ekki notið sérfræðiaðstoðar við gerð hans.

Gagnstefnandi telur jafnframt, að vankunnátta sín hafi orðið þess valdandi, að samningur hafi komist á með því efni, sem raun varð á, og að hann hafi talið, að gagnstefndu bæri meira af innbúsmunum, þar sem barn aðila væri hjá henni og hún átt eignir fyrir hjúskap á sínu nafni. Undir þennan misskilning hafi ýtt, að slysabótum hefði verið haldið fyrir utan skiptin sem

eign gagnstefndu sem hennar fé án sérstakra skýringa, þó að gagnstefnandi vefengi ekki, að það hafi verið rétt.

Af hálfu gagnstefndu er því mótmælt, að hún hafi við samninginn um skilnað og skilnaðarkjör eignast í reynd alla nettóeign búsins og gagnstefnandi tekið á sig ábyrgð á mestöllum skuldum. Er aðilar hafi tekið upp sambúð, hafi gagnstefnda átt tveggja herbergja íbúð á 3. hæð í húsinu nr. 44 við Safamýri hér í borg og hún orðið hjúskapareign aðila við hjónaband þeirra árið 1991. Sé stærstur hluti stefnufjárhæðar í aðalsök skuld, sem stofnað hafi verið til af einkafyrirtæki gagnstefnanda og föður hans, Geirsprenti sf.

Gagnstefnandi hafi fengið í sinn hlut eignarhluta búsins í Geirsprenti sf., jafnframt því sem hann hafi fengið hlutabréf búsins í Hrynjanda hf., sem hafi verið fornmunaverslun og rekin með miklum blóma. Sé því algerlega mótmælt, að gagnstefnandi hafi ekki gert sér grein fyrir efni skilnaðarsamkomulagsins og misskilið hluta þess, en hann hafi í langan tíma stundað viðskipti og hafi því reynslu í fjármálum. Gagnstefnandi hafi getað skuldbundið Geirsprent sf., enda hafi hann haft heimild til að rita firmað samkvæmt stofnsamningi.

Krafa gagnstefnanda sé því óraunhæf, og hljóti ákvæði í nefndum greinum samningsins að vera skuldbindandi fyrir hann. Þá séu hugmyndir gagnstefnanda um verðmæti innbús og bifreiða algerlega óraunhæfar.

IV.

Ágreiningur aðila máls þessa lýtur að skilnaðarsamningi milli aðalstefnanda Vilborgar Kristjánsdóttur og aðalstefnda Steinars Kristjánssonar, sem staðfestur var hjá sýslumanninum í Reykjavík 31. júlí 1995. Þar sem úrslit málsins, bæði í aðalsök og gagnsök, ráðast af túlkun þess samnings, verður fjallað í einu lagi um málið og þá fyrst um þá kröfu gagnstefnanda, að sá hluti skilnaðarsamnings aðila, sem varðar fjárskipti þeirra, 4.–10. gr., verði felldur úr gildi.

Óumdeilt er, að við upphaf sambúðar aðila hafi gagnstefnda átt tveggja herbergja íbúð í Safamýri hér í borg og að andvirði þeirrar íbúðar hafi gengið upp í kaup á fasteigninni nr. 7 við Reykjafold. Þá kemur fram í skilnaðarsamningnum, að lífeyrisgreiðslur gagnstefnanda til gagnstefndu séu upp gerðar með því, að gagnstefnda hafi fengið í sinn hlut bifreiðina KT-007, Chevrolet Blazer, árgerð 1985, og að samkomulag hafi orðið með aðilum um skiptingu innbús.

Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en aðilar hafi af fúsum og frjálsum vilja gengið frá því skilnaðarsamkomulagi, sem mál þetta er sprott-

ið af, og gert sér fullkomlega grein fyrir, um hvað hafi verið samið. Þá er ljóst af aðilaskýrslum, að nokkurn tíma tók að ganga frá samningum milli þeirra, aðallega vegna deilna um forsjá sonar þeirra, en um tveir og hálfur mánuður leið frá samvistarslitum og þar til gengið var frá samkomulaginu. Jafnframt verður ekki fram hjá því litið, að gagnstefnandi hefur haft með höndum bæði rekstur prentsmiðju og verslunar og verður því að teljast vanur í viðskiptum. Var því síður en svo hallað á hann í því tilliti við umrædda samningsgerð. Enn fremur kom fram í aðilaskýrslutöku af honum, að hann hefði, áður en samkomulag náðist, ráðfært sig við annan lögmann en þann, er samningsgerðina annaðist.

Þegar framangreint er virt, verður ekki fallist á það með gagnstefnanda, að framangreind ákvæði skilnaðarsamningsins um fjárskipti aðila hafi verið svo bersýnilega ósanngjörn á þeim tíma, er til hins samningsins var stofnað, að leiði til þess, að hann verði felldur úr gildi að því leyti samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1993 eða grunnrök 36. gr. laga nr. 7/1936 leiði til þeirrar niðurstöðu. Ber því að sýkna gagnstefndu af þeirri kröfu gagnstefnanda.

Verður nú vikið að einstökum kröfum aðalstefnanda.

Aðalstefnandi hefur lagt fram kvittanir fyrir afborgunargreiðslum ásamt vöxtum og verðbótum á veðskuldum af fasteigninni nr. 7 við Reykjafold hér í borg, samtals að fjárhæð 187.690 kr. Er ómótmælt af hálfu aðalstefnda Steinars, að aðalstefnandi hafi innt þessar greiðslur af hendi, en kvittanir bera með sér, að þær hafi allar farið fram, eftir að aðilar slitu samvistir. Samkvæmt 4. gr. skilnaðarsamkomulagsins tók aðalstefndi Steinar að sér greiðslur á veðskuldum þessum, en stóð ekki við það. Ber því að taka til greina kröfu aðalstefnanda um, að fyrrgreindur aðalstefndi greiði helming ofangreindrar fjárhæðar, 93.845 kr.

Með vísan til 8. gr. umrædds skilnaðarsamnings ber að fallast á kröfu aðalstefnanda um, að aðalstefndi Steinar greiði aðalstefnanda þær 29.173 kr., sem voru umfram þann yfirdrátt á tékkareikningi aðalstefnanda, 50.000 kr., sem aðalstefnandi skuldbatt sig til að greiða. Þá ber að taka til greina kröfu aðalstefnanda um hlutdeild aðalstefnda Steinars í sameiginlegri símanotkun, að fjárhæð 12.113 kr.

Samkvæmt 5. gr. samkomulagsins kom „nettóeign“ fasteignarinnar nr. 7 við Reykjafold í hlut aðalstefnanda. Hugtakið „nettóeign“, eða hrein eign, verður skilið svo, að þar sé átt við heildarverðmæti eignar, að frádregnum skuldum. Þau verðmæti, sem eftir stóðu, er búið var að draga skuldir frá eignum, komu því í hlut aðalstefnanda við skipti á félagsbúi þeirra hjóna. Af því leiðir, að henni sem eiganda fasteignarinnar bar að greiða þann kostnað, sem leiddi af sölu hennar. Ber því að sýkna aðalstefnda Steinar af

þeirri kröfu aðalstefnanda, að honum beri að greiða aðalstefnanda sölulaun og auglýsingakostnað vegna sölu eignarinnar, samtals að fjárhæð 151.389 kr., sem aðalstefnandi innti af hendi til þeirrar fasteignasölu, er um söluna sá.

Í nefndri 5. gr. skilnaðarsamningsins kemur einnig fram, að aðalstefndi Steinar skuli taka að sér að greiða skuld við Íslandsbanka hf. á 5. veðrétti, tvö handhafabréf á 7. veðrétti og skuld við húsbrefadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, að fjárhæð 1.000.000 kr., en þetta séu allt skuldir aðalstefnda Geirsprents sf. Jafnframt er óumdeilt, að aðalstefnandi hafi greitt samtals 2.359.513 kr. vegna skuldanna á 5. og 7. veðrétti og vanskil á húsbrefum, að fjárhæð 58.223 kr., samtals 2.417.736 kr. Um húsbrefin segir enn fremur, að 1.000.000 kr. af þeim 2.500.000 kr., sem þau hljóðuðu upp á, sé skuld aðalstefnda Geirsprents sf. Komu þannig 60% bréfanna í hlut aðalstefnanda og 40% í hlut sameignarfélagsins. Hefur aðalstefnandi greitt samtals 990.483 kr. af bréfunum, og samkvæmt því koma 396.193 kr. í hlut aðalstefnanda. Nemur því skuld aðalstefnda Steinars við aðalstefnanda að þessu leyti samtals 2.814.939 kr.

Í skilnaðarsamningnum er svofellt ákvæði í þeim kafla, sem fjallar um hlut aðalstefnanda við búskiptin:

„Verðtryggt skuldabréf, út gefið af Steinari til Vilborgar, að sömu fjárhæð og uppgreiðslufjárhæð skulda Geirsprents sf. skv. útreikningi hlutlauss aðila, sbr. lið 1 hér að ofan, á útgáfudegi bréfsins, sem verður söludagur fasteignarinnar. Skal frá þeirri fjárhæð dregin skuld Vilborgar við Steinar vegna afborgana af öðrum veðskuldum, sbr. 4. gr. samnings þessa. Skal skuldabréfið gefið út til sex ára og greitt af því mánaðarlega. Þá skal það bera meðalvexti skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands frá útgáfudegi þess. Skal skuldin tryggð með sjálfskuldarábyrgð Steinars og Geirsprents sf., en jafnframt með veði í eftirtöldum prentvélum. . .“

Samkvæmt þessu skuldbatt aðalstefndi Steinar meðstefnda Geirsprent sf. til þess að vera sjálfskuldarábyrgðaraðili á hinu fyrirhugaða skuldabréfi og jafnframt til veðsetningar tilgreindra tækja félagsins.

Í 3. gr. sameignarfélagsamnings aðalstefnda Steinars og föður hans, stefnda Kristjáns K. Pálssonar, vegna Geirsprents sf. er að finna ákvæði þess efnis, að samþykki þeirra beggja þurfi til að lána eða láta af hendi peninga eða aðrar eignir félagsins, nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt væri að veita viðskiptavinum greiðslufrest. Þá segir þar einnig, að hvorugum þeirra sé heimilt án samþykkis hins að skuldbinda félagið með víxiláritun eða á annan hátt sem ábyrgðarmenn fyrir skuldum annarra, nema ábyrgðin standi í beinu sambandi við viðskipti félagsins eða sé afleiðing

þeirra. Á sama hátt þurfi samþykki þeirra beggja til að selja eða veðsetja eignir, sem félagið eigi eða kunni að eignast.

Stefndi Kristján hefur staðhæft, að aðalstefndi Steinar hafi skuldbundið félagið samkvæmt framansögðu á sitt eindæmi og stefndi ekkert af því vitað. Er því ósannað gegn mótmælum hans, að aðalstefndi Steinar hafi haft umboð til að skuldbinda stefnda Geirsprent sf. með þeim hætti, sem kveðið er á um í skilnaðarsamningi. Ber því að sýkna félagið af kröfum aðalstefnanda í máli þessu. Þá skýrði stefndi svo frá hér fyrir dómi, að Geirsprent sf. hefði verið sameinað Offsetprenti í janúar 1995, og heiti félagið upp frá því Offsetprent – Geirsprent hf. Af þessari niðurstöðu þykir jafnframt leiða, að það þjóni ekki hagsmunum aðalstefnanda, að aðalstefndi Steinar gefi skuldabréfið út án sjálfskuldarábyrgðar sameignarfélagsins og veðs í vélum þess, enda hefur aðalstefnandi nú þegar að verulegu leyti greitt þá fjárhæð, sem hún átti að fá í sinn hlut samkvæmt skuldabréfinu.

Í samræmi við það, sem áður greinir, ber að fallast á varakröfu aðalstefnanda og dæma aðalstefnda Steinar Kristjánsson til að greiða henni 2.949.060 kr. (2.359.513 + 396.193 + 93.845 + 58.223 + 29.173 + 12.113) með dráttarvöxtum, eins og krafist er. Ekki er þó tilefni til að kveða sérstaklega á um höfuðstólsfærslu dráttarvaxta í dómi þessum, þar sem í 12. gr. vaxtalaga er að finna lögbundna heimild til þess.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðalstefnda Steinar til að greiða aðalstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 kr., án virðisaukaskatts, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli aðalstefnanda og aðalstefnda Geirsprents sf. falli niður sem og málskostnaður í gagnsök.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi Geirsprent sf. er sýknaður af kröfum aðalstefnanda í máli þessu.

Gagnstefnda, Vilborg Kristjánsdóttir, er sýknuð af kröfum gagnstefnanda, Steinars Kristjánssonar, í málinu.

Aðalstefndi, Steinar Kristjánsson, greiði aðalstefnanda, Vilborgu Kristjánsdóttur, 2.949.060 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1996 til greiðsludags.

Aðalstefndi, Steinar Kristjánsson, greiði aðalstefnanda, 250.000 kr. í málskostnað, en málskostnaður milli aðalstefnanda og aðalstefnda, Geirsprents sf., fellur niður sem og málskostnaður í gagnsök.